

- 90 stjórnirnar reiðubúnar að taka þegar í stað upp viðræður um ástandið og leitast við 19. nóv. að finna með stuttum fyrirvara lausn vandamállanna, er báðir aðilar geta sætt sig við.

Gjört í Bonn am Rhein hinn 4. sept. 1951 í tveimur eintökum.

Fyrir ríkisstjórn
lýðveldisins Íslands.
Bráðabirgðaundirskrift:
V. F. 19/12/50
(Vilhjálmur Finsen).

Fyrir ríkisstjórn lýðveldisins
Íslands.

Undirskrift:
Vilhjálmur Finsen.

Fyrir ríkisstjórn
Sambandslýðveldisins Þýskalands.
Bráðabirgðaundirskrift:
Dr. K. E. 19/12/50
(Dr. Karl Erdmann).

Fyrir ríkisstjórn
Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Undirskrift:
Dr. v. Maltzan.

Fundur sá, sem ráðgerður er í 2. gr. 2. í framanskráðri bókun, var haldinn 28. maí 1951, og leiddi hann til samkomulags um þau atriði, er honum var ætlað að fjalla um samkvæmt nefndri grein.

Þetta er hér með gert almeningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, hinn 19. nóvember 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

91

L Ö G

17. nóv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1952 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Björn Ólafsson.